

Lög

um

breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Framan af annari málsgr. 2. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, falli »valir«.

2. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu friðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar, og teljast þá undir 2. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

4. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:

500 kr, sekt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.